

Nd.

84. Breytingartillögur

[76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Matthíasi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 8. gr. laganna bætist ný mgr., er verði 4. mgr., svo hljóðandi:

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu, fjárhæð, er nemi fullum árlegum ellilífeyri á skattárinu, miðað við, að hann sé fyrst tekinn frá 67 ára aldri, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Hjá þeim, sem rétt áttu til örorkulífeyris á skattárinu, skal aukafrádráttur þessi nema fullum árlegum örorkulífeyri, sbr. ákvæði 1. mgr. 12. gr. greindra laga.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi skulu þegar öðlast gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1972.

3. Á eftir 3. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971 skulu svo hljóðandi ákvæði gilda:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

- a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum skal fella niður.
- b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
- c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.